

Fréttapistill í Ísafold 8.september 1886

Kjalarnes eftir skriðuhlaupin.

»Eruð þjer bóndinn á Grund?« »Ójá, var að nafninu til; þar sem Grund var. Þið sjáið, hvað eftir er af henni«. Hann gekk í veg fyrir okkur, er við riðum út með hlíðinni fyrir innan Esjuberg. Yið vorum búnir að telja 15 nýjar skriður úr Esjunni síðustu bæjarleiðina, frá Mógilsá. Ekki eftir nema slitur af veginum hér og hvar. Sumstaðar urð yfir að fara og leir og leðja undir. Fram undan okkur var á að sjá eins og gráhvítan urðargeira, austanhallt niður úr gilkjaftinum fyrir ofan Esjuberg. Gilið heitir Flóðará og rennur niður úr Gljúfurdal, einu af hinum mörgu dalverpum utan í Esjunni. Í miðjum urðargeiranum sá ofan á fáeinar grasþúfur, eða svo kom það fyrir sjónir á lengdar. Það voru bæjarhúsin á Grund, annarri hjáleigunni frá Esjubergi.

Hann hafði búið þar allan sinn búskap, 32 ár, og bjargast furðanlega. Komið þar upp börnum sínum. Eru 7 á lífi, sum gift og farin að búa. Tólf voru þau alls; hin dóu ung. Kotið var lítið, en notagott. Hann hafði grætt túnið út um þriðjung, og hafði nú á því þrjár kýr. Á engjunum hafði hann og gert talsverðar jarðabætur: grafið meðal annars þrjá vatnsveitingaskurði, nokkur hundruð faðma; þeir voru nú langsamlega í kafi. »Var nú hár leigumálinn á kotinu?« »Það voru, fyrir utan venjulegar leigur eftir 2 ásauðarkúgildi, sem jörðinni fylgja, 36 kr. í peningum í landsskuld, þangað til núna fyrir tveimur árum, að landsskuldin var hækkuð upp í 50 kr.« »Svo sem í þóknunarskyni fyrir jarðabæturnar, sem þér höfðuð gjört?« »Ekki veit jeg hvað jeg á að segja um það. Eigandinn sagði, að nú væri kotið orðið svo miklu betra en áður, að gamli leigumálinn væri orðinn langt of lágur, og ekki þætti það mikil húsaleiga í Reykjavík, 50 kr.« (eigandinn á þar heima). »En því gangið þið að slíkum kostum?« »Nú, það er nú si sona, að einhverstaðar verður maður að vera. Ég var nú búinn að taka tryggð við kotið, eins og þér getið skilið. Ég gat ekki verið að láta flæma mig burt af því. En — nú kom sá, sem ekkert bauð í eftirgjald, og fékk það samt«. Það var hún Flóðará. Hún hafði sent heimabóndanum, á Esjubergi, kveðju endrum og sinnum, og tekið sér skák af túninu hans í hvert sinn. En hjáleigurnar hafði hún látið í friði allt til þessa.

»Um hvert leyti kom hlaupið?« »Það var kl. 2 á fimmtudaginn (2. sept.), að mér varð litið upp í gljúfrin og þóttist sjá, hvað verða vildi. Það var þá búið að rigna frá því kl.11, þeim ókjörum, að það er ekki til neins að ætla sér að reyna að lýsa því. Ég hefi aldrei vitað og aldrei heyrt getið um neitt því líkt. Vatnið bunaóí niður úr loftinu hvítfyssandi; það var eigi líkt því, að nokkurn tíma sæjust dropaskil. Jörðin flóði öll í vatni. Það var lækur við læk um alla hlíðina, eins og uppistaða í vefstað. Ég tók eftir því allt í einu, að það var eins og flóðið rénaði snögglega herna í kringum bæinn, án þess að neitt drægi úr ósköpunum úr loftinu, og var síst að skilja, hvernig á því stæði. Þá varð mér litið upp í gljúfrin. Það var þá líkast því sem sagt er frá í eldgosum, þegar hraunflóðið vellur upp og er að brjótast af stað. Áin hafði stíflast í svip af niðurburði og svo fyllst fyrir ofan, en því næst rutt sjer nýjan farveg austur úr niður með brekkunni og einmitt hér ofan yfir bæinn. Ég skipaði öllu mínu fólki burt úr bænum og austur í heygarð,— heygarðinn, sem þið sjáið á þarna austanhallt í skriðunni; ég vissi, að þar mundi manni vera óhættast. Það komst þangað allt í tæka tíð, nema konan mín varð seinust, og tókubarn, sem hjá okkur er, drengur á 5. árinu, hún var að útvega honum eitthvað ofan yfir höfuðið. Hún treysti sjer ekki austur í garðinn, — og tók það til bragðs, að skriða upp á baðstofumænirinn. Það stóð heima, að þegar hún var þangað komin, skall flóðið á bæinn og allt í kringum hann, og fyllti öll sund«. »Kom þetta allt í einni bendu, öll þessi stórbjörg, sem krökkt er af innan um leirinn og mölina, þar sem túnið hefir verið?« »Nei; það var sumt að smáhrynja og ryðjast fram á eftir aðalflóðið«.

— Það eru 9 jarðir alls í Kjalarneshreppi og 1 í Mosfells8veit (Leirvogstunga), er orðið hafa fyrir stórskemmdum af skriðuhlaupum þennan minnisstæða dag, 2.september.

Eftir lauslegri skoðun og áætlun eru skemmdirnar þessar:

Sjávarhólar (19.1 hdr. jörð). Þriðjungur af túninu undir skriðu eða leir, og 2/5 af engjum.

Skrauthólar (15.6 hdr.). Af engjum 2/3 undir skriðu og leir, þar af talsvert tóm urð, sem aldrei grær upp.

Árvöllur, önnur hjáleigan frá Esjubergi (5.2 hdr.). Helmingur túns og engja undir urð.

Esjuberg (26.1 hdr.). Nú 2/5 af túninu lagst undir skriðu, en með skriðunni, sem kom 1871, er helmingur túnsins farinn eða á að giska 9 dagaláttur. Auk þess er nú mesti og beztur parturinn af engjunum gjörsamlega hulinn leir og sandi, en óslægt hitt mest allt fyrir leir niðri í rótinni. Þar urðu 60—70 hestar af heyi undir skriðunni.

Móar (17.4). Kýrvöllur (1/3) af túninu undir leir og aur. Engjar allar ónýtar þetta ár, en gróa að líkindum fljótt upp aftur.

Grund (5.2). Túnið allt undir urð, nema svo sem kapalsblettur á 2 stöðum, og meira en helmingur af engjum hulinn skriðu og aur eða leir, en hitt óslægt þetta ár.

Mógilsá (17.4). Helmingur farinn af túninu, undir urð, og það betri parturinn, og stórt stykki af engjum. Þar hafði skriðan runnið fast með bæjarveggnum að vestanverðu, og sneitt af eða fyllt þriðjung af kálgarðinum í hlaðvarpanum.

Kollafjörður (17.4). Kýrvöllur farinn af túninu, í bráð að minnsta kosti, og nokkuð af engjum. Sextíu hestar af heyi á engjum urðu undir skriðu. Eyrarnar niður frá bænum allar huldur skriðu.

Vellir (17.4). Á að gizka 1 kýrvöllur eftir af túninu, af 4—5. Engjar sömuleiðis mjög skertar. Þessar jarðir eru allar í Kjalarneshreppi.

— Þá er Leirvogstunga í Mosfellssveit (þjóðjörð, 16 hdr.). Leirvogsa óx svo á 1/2 klukkustund, að hún varð margfaldlega óreið og flóði yfir allar engjarnar, nema lítinn hólma, sem hæst bar á. Þar var heyskaparfólk í tjaldi, og var sótt á hestum heiman frá bænum, er því fór að verða hætt. Er nú á að giska helmingur af engjunum eins og leirflag yfir að sjá.

— Vegna óþurka og grasbrests var lítill orðinn heyskapur á engjum á Kjalarnesi, en nú má heita algjörlega fyrir hann tekið á þeim jörðum flestum, er fyrir skriðunum hafa orðið. Sláttumenn voru að reyna að berja úr hagbeitarmóum (í gær) hingað og þangað, heldur en að ganga iðjulausir með hendur í vösum. Ástandið í hreppnum, Kjalarneshrepp, er síður en eigi glæsilegt eftir þetta áfall, hvað efnahag snertir. Það var eigi ábætandi áður. Örbýrgð og sveitarþyngsli sívaxandi, hér um bil ókleyf í öðru eins harðærum og gengið hafa að undanfögnu og ganga enn. Árið 1850 var aukaútsvar besta bóndans í hreppnum, sem tíundaði 15 lausafjárhundruð, 1 vætt og 15 fiskar. Sami bóndi galt 10 vættir 1872 og tíundaði þó minna þá (12 hdr.). Nú mundi slíkur bóndi mega svara 16 vættum að minnsta kosti, sagði hreppstjórinn. Sveitarútsvör voru þar í fyrra um 1100 kr. Byrðin fer sívaxandi, en bolmagnið að bera hana síþverrandi. Þetta áfall kippir nú fótum undan sumum bestu gjaldendum. Esjuberg hefir gengið saman um helming, og hjáleigukotin þaðan, Árvöllur og Grund, hljóta að leggjast í eyði; verði þar einhverjar landsnytjar eftir, leggjast þær undir Esjuberg, því engin fer að taka kotin til ábúðar út af fyrir sig, annað aleytt að kalla, en skækillinn, sem eftir er af hinu (Árvelli), vonargripur hálfu fremur en áður, vegna nýrrar skriðuhættu eftir umbrotin þar í fjallinu fyrir ofan.

Það sem auk þess hnekkir sérstaklega og hefir lengi hnekkt gjaldþoli og þrifum sveitarinnar yfir höfuð, er það, að bestu fasteignir hreppsins, tvær eða fleiri, þar á meðal hin mikla Brautarholtstorf, eru í höndum utanhreppsmanna, sem rýja þær og flá að öllum bestu landsnytjum og skilja ekki eftir nema hismið, hungurskækla fyrir aumingja, sem ekki eiga annars úrkosti og sem verða sveitinni til hins mesta byrðarauka, í stað þess að vera framarlega í flokki þeirra, sem byrðina bera. Það var illt og

brostlegt að heyra hljóðið í hreppsbúum, jafnvel helstu nefndarbændum sveitarinnar, er Brautarholtseignin barst í tal. »Brautartorfan mun ekki hafa orðið fyrir neinum skemmdum?« spurði einn gesturinn. »Því var nú fj... ver, að hún gat ekki orðið fyrir því«, svaraði bóndi, einn af helstu mönnum hreppsins, sem annars er mesti stillingarmaður og gætinn í orðum, Og svo las hann yfir eigandanum, stórríkum hálaunamanni í Beykjavík, sem hagnýtir sjálfum sér aðalstólpann undan bújörðinni, Andríðsey, en hefir eitthvað 15—16 aumingja á eigninni: heimajörð, hjáleigum og kirkjújörðum, sem eru lítið sem ekkert annað en túnin og þau í mestu órækt, meðfram af skepnuleysi og þar af leiðandi áburðarleysi, en með uppskrúfuðu eftirgjaldi, 24—36 kr. landsskuld eptir hvert 5 hundraða kot, mestu rýrings-snepla. Rúmlega 500 kr. landsskuld eftir eignina, þ.e. landjörðina; allur arðurinn af Andríðsey þar fyrir utan. Á öðrum bænum svaraði bóndinn undir eins og þetta barst í tal: »Já, það var merkilegt, að Brautarholtstorfan skyldi ekki geta, orðið fyrir þessu, og flotið frá. Ég hefi nokkrum sinnum óskað henni út í hafsauga. Hún er eins og flæðisker fyrir framan túnið hjá manni, sem skepnur álpast út og drepa sig fyrir manni. Hver maður, sem þangað fer, á Brautarholtseignina, verður öreigi, sé hann það ekki áður, sem flestir þeirra eru, því þeir einir veljast þangað, sem ekki eiga annars úrkosti. Svo fáum við þá á hreppinn, eða þeirra sveit, ef þeir eru annarsstaðar að, sem oft ber við, að leita verður í aðra landsfjórðunga til að fá fátáðlinga út á þetta forað. Þeir tíunduðu í fyrra, 15 húsráðendur á torfunni, sem er hér um bil fjórði partur húsráðenda í hreppnum, 18 lausafjórðungi allir samtals, og guldu þar af tæpar 14 kr. í aukaútsvar. Nú veit jeg ekki til, að þeir tíundi neitt eða hafi neitt umfram kúgildin. Einn bóndinn þar, sem bjó á hálfri heimjörðinni, 35 hundr., og einu kotinu, tíundaði 2 lausafjórðungi alls. Tveir af ábúendunum, sem útvegaðir voru vestan búandi núna og í fyrra, eiga hvorugur eina meri; annar tíundar 6 ær, hinn enga skepnu. Landsskuldin á sumum kotunum, sem var 1 vætt þegar eignin komst í þess manns hendur, sem nú á hana, fyrir 30 árum, en nú komin upp í hér um bil 3—4 vættir. Það eru tvö hin verstu áföll«, bætti hann við, »sem þessi hreppur hefir orðið fyrir á síðasta mannsaldri: það er annað skriðuhlaupin þau arna, og hitt, að Brautarholt lenti í þeim höndum, sem það er nú«. Og í sveitarbók Kjalarneshrepps stendur aftan við hreppsreikninginn síðasta: Ófáanleg gómul útsvör og tíundir: 1. Gömul tíund af Brautarholti (Andríðsey) . . . 29 kr.« !